

Kæru foreldrar

Hertar aðgerðir vegna veirunnar voru framlengdar til og með 1. desember. Það eina sem hefur komið og snýr að skólahaldi er að íþróttir barna séu heimilar. Við ætlum samt ekki að kenna íþróttir meðan á þessu stendur. Íþróttakennararnir okkar eru í ákveðnum árangateymum og ef við tökum þá þar út getum við ekki haldið því skipulagi sem við erum með og þyrftum að skerða skólastarfið meira.

Vonandi getum við svo átt grímulausa aðventu í skólanum og notið undirbúnings jólaanna.

Það sem við breytum frá og með morgundeginum er:

- Breyting á því hvaða árgangar eru á sama tíma í skólanum (5.-10.bekkur)
- Nemendur komu að máli við okkur með tvær ábendingar sem varða 5.-10.bekk. Við fögnum því alltaf þegar nemendur sýna frumkvæði og koma skoðunum sínum á framfæri og við ákváðum því að taka tillit til þessara ábendinga við skipulagið næstu vikna.
  - Þeir bentu á að í Grundaskóla væru nemendur í þrjá tíma eftir hádegi en ekki þrjá og hálfan eins og hjá okkur.
    - **Tíminn eftir hádegi styttest því um hálf tíma til samræmis við Grundaskóla.**
  - Þeir bentu líka á að það væri flókið fyrir krakka að mæta annan daginn fyrir hádegi og hinn daginn eftir hádegi. Þetta væri sérstaklega erfitt fyrir nemendur með einhverfu sem ættu erfitt með að hafa skipulagið ekki alltaf eins. Tillaga kom um að skipta dögnum upp þannig að nemendur mæti nokkra daga í röð fyrir hádegi og nokkra daga í röð eftir hádegi.
    - **Þess vegna byrjum við nýtt skipulag á miðvikudaginn með því skipulagi.**

Hér að neðan er skipulagið sem gildir frá og með miðvikudeginum 18. nóvember til og með 1. desember.

Við þökkum ykkur fyrir skilninginn og samstarfið um að láta allt ganga upp.

Bestu kveðjur

Arnbjörg, Dagný, Elsa Lára og Vilborg

| <u>Mánudagur</u>                                                                                                                                  | <u>Þriðjudagur</u>                                                                                                                                | <u>Miðvikudagur</u><br>18. nóvember –<br>nýtt skipulag<br>tekur gildi                                                                             | <u>Fimmtudagur</u>                                                                                                                                | <u>Föstudagur</u>                                                                                                                                 |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                                                                                                                                                   | <u>17. nóvember</u><br><b>8:00-11:30</b><br>7. bekkur<br>8. bekkur<br>10. bekkur<br><br><b>12:00-15:00</b><br>5. bekkur<br>6. bekkur<br>9. bekkur | <u>18. nóvember</u><br><b>8:00-11:30</b><br>5. bekkur<br>7. bekkur<br>9. bekkur<br><br><b>12:00-15:00</b><br>6. bekkur<br>8. bekkur<br>10. bekkur | <u>19. nóvember</u><br><b>8:00-11:30</b><br>5. bekkur<br>7. bekkur<br>9. bekkur<br><br><b>12:00-15:00</b><br>6. bekkur<br>8. bekkur<br>10. bekkur | <u>20. nóvember</u><br><b>8:00-11:30</b><br>5. bekkur<br>7. bekkur<br>9. bekkur<br><br><b>12:00-15:00</b><br>6. bekkur<br>8. bekkur<br>10. bekkur |
| <u>23. nóvember</u><br><b>8:00-11:30</b><br>5. bekkur<br>7. bekkur<br>9. bekkur<br><br><b>12:00-15:00</b><br>6. bekkur<br>8. bekkur<br>10. bekkur | <u>24. nóvember</u><br><b>8:00-11:30</b><br>5. bekkur<br>7. bekkur<br>9. bekkur<br><br><b>12:00-15:00</b><br>6. bekkur<br>8. bekkur<br>10. bekkur | <u>25. nóvember</u><br><b>8:00-11:30</b><br>6. bekkur<br>8. bekkur<br>10. bekkur<br><br><b>12:00-15:00</b><br>5. bekkur<br>7. bekkur<br>9. bekkur | <u>26. nóvember</u><br><b>8:00-11:30</b><br>6. bekkur<br>8. bekkur<br>10. bekkur<br><br><b>12:00-15:00</b><br>5. bekkur<br>7. bekkur<br>9. bekkur | <u>27. nóvember</u><br><b>8:00-11:30</b><br>6. bekkur<br>8. bekkur<br>10. bekkur<br><br><b>12:00-15:00</b><br>5. bekkur<br>7. bekkur<br>9. bekkur |
| <u>30. nóvember</u><br><b>8:00-11:30</b><br>6. bekkur<br>8. bekkur<br>10. bekkur<br><br><b>12:00-15:00</b><br>5. bekkur<br>7. bekkur<br>9. bekkur | <u>1. desember</u><br><b>8:00-11:30</b><br>6. bekkur<br>8. bekkur<br>10. bekkur<br><br><b>12:00-15:00</b><br>5. bekkur<br>7. bekkur<br>9. bekkur  | <u>2. desember</u><br>Nýtt skipulag<br>tekur gildi.<br>Verður birt síðar.                                                                         |                                                                                                                                                   |                                                                                                                                                   |